

## Menningar-, íþrótt- og frístundasvið Hveragerðisbæjar kynnir afþreyingu fyrir börn og ungmenni sumarið 2017.

Boðið er upp á fjölbreytt og skemmtileg námskeið og vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi.

**Það verður fjör í sumar !**

### Júní til ágúst

#### Íþrótt og ævintýranámskeið

##### -Ævintýraklúbbur 1 - 5 og 6 ára f. 2010 og 2011

Valgerður Rut Jakobsdóttir verkefnastjóri yngri hóps

Aðstoð: Lilja Dögg Erlingsdóttir

##### -Ævintýraklúbbur 2 - 7 – 11 ára f. 2006 – 2009

Karen Elva Jónsdóttir verkefnastjóri eldri hóps

Aðstoð: Björn Ásgeir Ásgeirsson

**Námskeiðshaldari:** Hveragerðisbær.

Viðfangsefnin eru fjölbreytt, uppbyggjandi og skemmtileg. Mikið er lagt upp úr útiveru, listsköpun og hreyfingu. Farið verður í ævintýra- og óvissuferðir, ratleiki, íþróttir, heimsókn til fyrirtækja og margt fleira.

**Verð:** kr. 10.000 (frá kl. 8 – 17), ½ daginn kr. 6000 (frá kl. 9-12 eða 13-16).

Systkinaafsláttur; 2. barn 50%, 3. barn 75%.

**Það sem þarf að koma fram við skráningu fyrir íþrótt- og ævintýranámskeið:**

Námskeið nr.	Tímabil
1	7. – 16. júní
2	19. – 30. Júní <b>Fullt!</b>
3	3. – 14. júlí
4	17. – 28. júlí
5	31. júlí – 11. ágúst

<b>Nafn barns:</b>
<b>Kennitala barns:</b>
<b>Nafn foreldra:</b>
<b>Kennitala foreldra:</b>
<b>Heimilisfang:</b>
<b>Símanúmer:</b>
<b>Námskeið númer:</b>
<input type="checkbox"/> Allan daginn <input type="checkbox"/> Gæsla (8-9)
<input type="checkbox"/> Hálfan daginn <input type="checkbox"/> Gæsla (16-17)

#### [Facebook síða námskeiðsins](#)

Hér má finna dagskrá námskeiðanna

**Skráning og upplýsingar:** Móttaka Hveragerðisbæjar 483 4000 og [mottaka@hveragerdi.is](mailto:mottaka@hveragerdi.is)

Þátttakendur eiga að hafa með sér hollt og gott nesti, í samræmi við lengd viðveru.

**Námskeiðin munu hafa aðsetur í Skólaselinu við Þórsmörk 1A. ([Sjá staðsetningu á mynd](#))**

## Gæsluvöllur

Í sumar verður starfræktur gæsluvöllur eða róló

**Tímabil:** 19. júní – 11. ágúst

**Aldur:** 2ja – 6 ára (fædd 2011-2014).

Opnunartími er frá kl. 13:00 – 16:30

**Tímabil:** 19. júní – 11. ágúst

**Verð:** Gæslugjald er kr. 300 á dag. 10 miða afsláttarkort kr. 2500

**Umsjón:** Sigurrós Jóhannsdóttir, s. 848 1508, [sigurrosj@talnet.is](mailto:sigurrosj@talnet.is)

## Skólagarðar fyrir 6 – 10 ára (yngsta stig)

**Námskeiðshaldari:** Hveragerðisbær.

Grænmetisræktun og umhirða.

**Verð:** kr. 4000, innifalið matjurtir og útsæði í garðinn.

**Skráning og upplýsingar:** Móttaka Hveragerðisbæjar 483 4000.

Skólagarðarnir opna 7. júní og standa til loka ágúst.

Starfsfólk er til aðstoðar við gróðursetningu á milli kl. 10 – 12 og 13 – 15.

## Reiðnámskeið hjá Eldhestum á Völlum

**Námskeiðshaldari:** Æskulýðsdeild Ljúfs.

**Aldur:** 5 ára og eldri.

**Tímabil:** Haldin verða tvö námskeið. Kennt er frá kl. 17:00 í klst. í senn,

Námskeið 1: 12. - 16. júní.

Námskeið 2: 19. - 23. júní

**Verð:** kr. 6000, allt innifalið.

**Skráning og upplýsingar** í s. 864-4743 eftir kl. 16:00.

## Knattspyrnuæfingar á Hamarsvelli/Hamarshöll

**Námskeiðshaldari:** Knattspyrnudeild Hamars.

**7. flokkur karla** (f. 2009 – 2010), Yfirumsjón: Ágúst Örlaugur

Mánudagar og þriðjudagar kl. 10 og fimmtudagar kl. 11.

**6. og 7. flokkur kvenna** (f. 2007 – 2010), Yfirumsjón: Ágúst Örlaugur

Mánudagar kl. 11, miðvikudagar og fimmtudagar kl. 10.

**6. flokkur karla** (f. 2007 – 2008), Yfirumsjón: Ágúst Örlaugur

Mánudagar og þriðjudagar kl. 10 og fimmtudagar kl. 11.

**5. flokkur karla** (f. 2005 – 2006), Yfirumsjón: Ágúst Örlaugur

Mánudagar, þriðjudagar og miðvikudagar kl. 11 og fimmtudagar kl. 9.

**4. og 5. flokkur kvenna** (f. 2003 – 2006), Yfirumsjón: Ágúst Logi

Mánudagar, þriðjudagar og miðvikudagar kl. 11 og fimmtudagar kl. 9.

**4. flokkur karla** (f. 2003 - 2004), þjálfari: Sam Malsom

Mánudagar, þriðjudagar, miðvikudagar og fimmtudagar kl. 17:15.

**Skráning og upplýsingar:** [ollimagnusson@gmail.com](mailto:ollimagnusson@gmail.com) s. 8455900.

## Knattspyrnskóli Hamars

er fyrir stelpur og stráka (f. 2010 – 2005).

**Tímabil:** 3. – 15. Júlí og 8. – 18. ágúst frá kl. 13 – 15

**Umsjón:** Ágúst Logi Valgeirsson, Sam Malsom og fleiri góðir þjálfarar.

Knattspyrnskóli fyrir börn á leikskólaaldri verður auglýstur síðar á [www.hamarsport.is](http://www.hamarsport.is) og facebook síðu knattspyrnudeildar.

## Sundnámskeið í Sundlauginni Laugaskarði

**Námskeiðshaldari:** Sunddeild Hamars

**Aldur:** f. 2013 og eldri, krakkar á skólaaldri sérlega velkomin.

**Tímabil:**

Námskeið 1: 6. júní – 21. júní, kennsla verður eftir hádegi, 12 skipti (35 mín).

Námskeið 2: 26. júní - 7. júlí, kennsla verður fyrir hádegi, 10 skipti (40 mín).

**Verð:** kr. 13.000.

Námskeið 3: 3. – 7. júlí, 5 skipti (40 mín).

**Verð:** kr. 7000

Stefnt er á námskeið í seinni hluta ágúst, nánar kynnt síðar.

**Skráning og upplýsingar:** Magnús Tryggvason s. 898 3067 og á facebooksíðu (Sunddeild Hamars). Sérstakur skráningar og greiðsludagur fimmtudaginn 1. júní. frá 15:30-18:00.

## Körfuknattleiksnámskeið í íþróttahúsinu v/Skólamörk

**Námskeiðshaldari:** Körfuknattleiksdeild Hamars.

**Aldur:** Börn f. 2005 – 2008, stelpur og strákar.

Áhersla á grunnæfingar í körfuknattleik, tækni og leikskipulag. Lögð verður jöfn áhersla á varnar og sóknarleik. Námskeiðið er mánudaga – fimmtudaga, frá kl 15.30-16.30.

**Tímabil:**

Námskeið 1: 29. maí – 22. júní.

Námskeið 2: 26. júní – 20. júlí.

**Verð:** kr. 5.000, 20% systkinaafsláttur.

**Skráning og upplýsingar:** Þórarinn Friðriksson í síma 861 7569,

[totithegingerkid@hotmail.com](mailto:totithegingerkid@hotmail.com)

## Fimleikanámskeið í Hamarshöll

**Námskeiðshaldari:** Fimleikadeild Hamars.

Fjölbreytt námskeið við allra hæfi í sumar. Aðaláhersla lögð á styrk, liðleika og skemmtun í formi fimleika. Hentar bæði stelpum og strákum, byrjendum sem og lengra komnum.

Allir velkomnir.

### -Fimleikanámskeið fyrir börn

Námskeiðið er alla virka daga. Skipt verður í yngri og eldri (yngri: 6-7 ára, eldri: börn á aldrinum 8-10 ára) ef er næg skráning.

**Aldur:** f. 2011 - 2005.

**Tímabil:**

Námskeið 1: 19. júní - 30. júní

Námskeið 2: 10. júlí - 21. júlí

**Verð:** Kr. 5000 – 8000.

**Yfirumsjón:** Eva Björk Birgisdóttir

**Skráning og upplýsingar:** Sandra Sigurðardóttir - [sandrasigurdar@gmail.com](mailto:sandrasigurdar@gmail.com) 865-4448

### **-Fimleikanámskeið fyrir unglina**

Aðaláhersla lögð á styrk, liðleika og skemmtun í formi fimleika.

**Aldur:** f. 2003 - 1999.

**Tímabil:** 11. - 31. júlí.

**Verð:** kr. 8000.

**Yfirumsjón:** Aníta Þorgerður Tryggvadóttir

**Skráning og upplýsingar:** [sandrasigurdar@gmail.com](mailto:sandrasigurdar@gmail.com) eða í s. 865 4448.

### **-Parkournámskeið**

verður tvisvar í viku á þriðjudögum og föstudögum kl. 16:30 í 90 mín. Möguleiki á öðru námskeiði seinna í sumar ef nægileg þátttaka.

**Aldur:** f. 2009 - 2003

**Tímabil:**

Námskeið 1: 26. maí - 23. júní

Námskeið 2: Ef nægileg þátttaka er.

**Verð:** 6000 kr.

**Yfirumsjón:** Sandra Sigurðardóttir

**Skráning og upplýsingar:** Sandra Sigurðardóttir - [sandrasigurdar@gmail.com](mailto:sandrasigurdar@gmail.com) 865 4448

### **- Fullorðinsfimleikar**

fyrir alla þá sem vilja spreyta sig í fimleikum. Gamlar fimleikastjörnur jafnt sem nýjar og óuppgötvaðar stjörnur velkomnar. Kennit verður á fimmtudagskvöldum kl. 20:00. Greitt er fyrir stakt skipti 1000 kr., hægt er að skrá sig í alla tímana og þá er gjaldið 500 kr. fyrir tímann.

**Aldur:** 16 ára og eldri

**Tímabil:** 15. júní - 26. júlí

**Yfirumsjón:** Sandra Sigurðardóttir og Eva Björk Birgisdóttir

**Skráning og upplýsingar:** Sandra Sigurðardóttir - [sandrasigurdar@gmail.com](mailto:sandrasigurdar@gmail.com) 865 4448

### **Fótboltaskólinn Sóli**

Áhersla á tæknilega þjálfun, jákvæðan metnað og að efla leikskilning. Læra að vera þátttakandi í liði/hóp og að standa sig vel í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur.

<http://fotboltaskoli.weebly.com/>

**Tímabil:** 12. - 16. júní og 19. – 23. júní.

**Verð:** 2 vikur kosta 8.000 og 1 vika kostar 5.000. Veittur er systkinaafsláttur.

**Kennarar og umsjónarmenn:**

Ólafur Jósefsson og Sveinbjörn Jón Ásgrímsson. Báðir eru með UEFA - A license þjálfunarréttindi.

**Skráningar og upplýsingar:** Ólafur, [olafur@hveragerdi.is](mailto:olafur@hveragerdi.is) s: 898-4054 og Sveinbjörn, [sveinbjorn@hveragerdi.is](mailto:sveinbjorn@hveragerdi.is) s: 899 0452

### Skáknámskeið í grunnskólanum

**Námskeiðshaldari:** Birkir Karl Sigurðsson en hann er með alþjóðleg skákpjálfararéttindi frá FIDE.

**Aldur:** Allir grunnskólakrakkar velkomnir

**Tímabil:** 10. og 11. júlí. Kl. 13 – 18.

**Verð:** Kr. 5000.

Skákiðkun hefur jákvæð áhrif á börn og er hugsunin með námskeiðinu að þjálfu einbeitingu, sjálfsaga og rökhugsun.

**Skráning og upplýsingar:** Móttaka Hveragerðisbæjar 483 4000 eða [mottaka@hveragerdi.is](mailto:mottaka@hveragerdi.is)

### Golfleikjanámskeið á æfingasvæðinu við Gufudalsvöll og Hótel Örk

**Námskeiðshaldari:** Golfklúbbur Hveragerðis.

**Aldur:** 8 – 12 ára.

**Tímabil:** 12. - 16. júní, 14. – 18. júní og 14. – 18. ágúst kl. 10 – 12.

Kennt er alla virka daga frá kl. 9 - 12.

**Verð:** kr. 6.000, kr. 4000 á barn ef um systkini er að ræða.

Farið verður í undirstöðuatriði golfíþróttarinnar og allskyns golfleiki.

Það er hægt að fá lánaðar golfkylfur og -bolta.

**Skráning og upplýsingar:** Guðmundur Erlingsson 773 4058 eða [gelli@simnet.is](mailto:gelli@simnet.is)

Fríar æfingar verða á þriðjudögum og fimmtudögum í allt sumar fyrir krakka sem hafa áhuga á að kynnast golfinu, æfingar fara fram við skála og eru frá kl. 18-19. Allir velkomnir.

### Strandblaksnámskeið austan við Sundlaugina Laugaskarði

**Námskeiðshaldari:** Blakdeild Hamars.

**Aldur:** 6 – 14 ára, stelpur og strákar.

**Tímabil:** 12. júní – 23. júní. Æfingar á mánud., miðvikud. og föstud. frá kl. 16:15 – 18:00.

**Verð:** Kr. 6.000.

**Þjálfarar:** Hafsteinn og Kristján Valdimarssynir.

**Skráning og upplýsingar:** [kristjanvaldimars@hotmail.com](mailto:kristjanvaldimars@hotmail.com)

### Útilífsnámskeið í Hveragerði /Úlfljótsvatni

**Námskeiðshaldari:** Skátafélagið Strókur.

**Aldur:** Börn f. 2010 og fyrr.

**Tímabil:** 1., 2. og 3. ágúst.

**Staðsetning:** Við Hamarinn.

Spennandi viðfangsefni eins og skýlagerð, varðeldur, leikir og fjör undir berum himni.

**Skráning og upplýsingar:** [skatafelagidstrokur@gmail.com](mailto:skatafelagidstrokur@gmail.com)

### **Bókasafnið í Sunnumörk – Sumarlestur**

Bókasafnið býður upp á sumarlestur fyrir 6-12 ára börn í samvinnu við Grunnskólann frá 1. júní til 11. ágúst. Í sumar verður Harry Potter þema í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá því að fyrsta HP bókin kom út. Vonandi verður þetta hvatning til að lesa mikið í sumar, en lestur yfir sumarmánuðina er mjög mikilvægur til að viðhalda lestrarfærni barnanna milli skólaára. Gerður hefur verið listi yfir bækur um furðuverur, galdra, nornir og fleira spennandi fyrir þá sem ekki treysta sér í Harry Potter bækurnar. En auðvitað má lesa hvað sem er, ævintýri og skemmtisögur, brandara, fróðleik um íþróttir og vísindi, og allt mögulegt annað. Starfsfólk safnsins getur líka aðstoðað við val á lesefni. Sumarlestrarbörnum er velkomið að lesa á safninu – eða fyrir utan ef veður er gott. Sumarlesturinn verður kynntur nemendum í 1.-5. bekk fyrir skólalok, en einnig má fá upplýsingar á safninu í síma 483-4531, á Fb síðu safnsins og [bok@hveragerdi.is](mailto:bok@hveragerdi.is).

Harry Potter kynning og skráning í sumarlestur verður á bókasafninu fimmtudaginn 1. júní kl. 16. Verið velkomin, gjarnan með foreldrum. Einnig verður hægt að skrá sig síðar.

Bókasafnið er opið mánudaga kl. 11-18:30, þriðjudaga-föstudaga kl. 13-18:30 og laugardaga kl. 11-14.

Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á heimasíðu Hveragerðisbæjar [www.hveragerdi.is](http://www.hveragerdi.is)